

Nd. 362. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslys-
tryggingu skipshafna o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Í stað „5%“ í 5. tölulið 8. gr. laganna komi: 6%.

2. gr.

Í stað „5%“ í niðurlagi 2. og 3. töluliðar 10. gr. laganna komi: 6%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

Á fimmta hluthafafundi Íslenzkrar endurtryggingar, sem haldinn var 27. okt. s. l., var samþykkt tillaga um, að breytt yrði lögum um innlenda endurtryggingu, stríðsslys-
slys-tryggingu skipshafna o. fl., á þann veg, að heimiluð verði 6% arðsúthlutun eins og áður var.

Þegar skipulagi Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna var breytt með lögum nr. 106 frá 30. des. 1943, var ákveðið (í 5. tölulið 7. greinar), að félagið mætti greiða allt að 6% arð. Þeir, sem þá áttu sjóði félagsins, máttu velja um, hvort inneign þeirra yrði borguð út eða gerð að hlutafé. Það er engan veginn víst, að allir, sem kusu að fá hlutafé, hefðu gert það, ef arðurinn hefði þá verið takmarkaður við 5%.

Með lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslys-tryggingu skipshafna o. fl., var arðshámarkið fært niður í 5%. Bankavextir voru þá miklu lægri en nú. Sparisjóðsvextir voru þá 2%, en eru nú 5% af venjulegum sparisjóðs-
bókum og 6% af innlánnum með 6 mánaða uppsagnarfresti. Það mátti því líta svo á, að 5% arður væri býsna hár 1947, þótt öðru máli gegni nú. Hlutabréf í Íslenzkri endurtryggingu eru lítt seljanleg og verður því að líta á þau sem bundið fé. Miðað við núverandi vaxtakjör virðist það veigamikil ástæða til þess að heimta 6% arðsúthlutun, þegar fjárhagur félagsins leyfir.

Af 4964000 króna innborguðu áhættufé félagsins á ríkissjóður 1850000 krónur. Hækkun arðs mundi því ekki hvað sízt koma ríkissjóði til tekna.